

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulsþjóðgarðs

19. Fundur

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Hákon Ásgeirsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Inga Dóra Hrólfsdóttir, Sigurður Guðjónsson, Þórður Runólfsson, Anna Hallgrímsdóttir

Fjarverandi: Magnús Aðalsteinn Sigurðsson

Fundargerð ritaði: Ingunn Ýr Angantýsdóttir, þjónustustjóri Snæfellsjökulsþjóðgarðs

Þriðjudagur 28. apríl 2025, kl. 14:00 í fjarfundi

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt samhljóða

2. Staðan á sýningunni í Þjóðgarðsmiðstöðinni.

Ragnhildur fór yfir stöðuna á sýningunni.

- Búið að samþykkja fjárveitingu til þess að koma upp sýningunni í haust.
- Danska fyrirtækið Yoke mun leiða verkefnið og tekur við verkefninu frá Kvorning.
- Tíma og verkáætlun – tilbúin hjá NVS, á eftir að leggja fyrir Yoke.

3. Sólmyrkvi 12. ágúst 2026.

Ragnhildur fór yfir hver staðan er á undirbúningi fyrir Sólmyrkva 2026.

- Búið er að setja saman undirbúningshóp.
- Þjóðgarðurinn hélt kynningarfund 20 mars. fengum Sævar Helga til okkar sem hélt erindi um Sólmyrkva. Fundurinn var vel sóttur og sköpuðust góðar umræður.
- Það á eftir að negla niður skipulag varðandi sólmyrkvann **hjáfrá** þjóðgarðinum.
- Tryggja þarf fjármagn
- Starfsmenn þjóðgarðsins eru búnir að kortleggja þörfina á salernum, hvar er þörf á auka landvörðum í vinnu þessa daga. Einnig er búið að leggjast yfir hvernig við getum nýtt starfsfólk þjóðgarðsins sem best.
- Kristinn kom inn á undirbúning Snæfellsbæjar. Það sé verið að skoða að halda útihátíð í samvinnu við stórt og reynslumikið viðburðar fyrirtæki, það er í vinnslu. Það er mikið spurt umtjaldstæði og gistingu, veitingastaði og afþreyingu.

4. Sumardagskrá þjóðgarðsins.


- Ingunn Ýr kynnti drög að fræðsludagskrá sumarsins sem verður gefin út í lok maí.



- **Daglegir viðburðir** hefjast þann 1. júní – 12 september
 - Fræðsluganga á Malarriði alla daga
 - Barnastundir - 1x í viku
 - Fræðsluganga á Búðum – 1x í viku
- **Vikulegir viðburðir** – sérgöngur alla miðvikudaga í júlí og ágúst.

5. Fjöldi gesta árið 2024, í Þjóðgarðinum, á Malarriði og í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi.

- Fjöldi gesta árið 2024 í Þjóðgarðinum = 460.020
- Fjöldi gesta árið 2024 í gestastofunni á Malarriði = 82.309
- Fjöldi gesta árið 2024 í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi = 62.761



6. Fjöldi gesta í Þjóðgarðinum janúar – mars 2025.

- Árið 2025 = **45253**
 - Janúar = 9.269



- Febrúar = 12.166
- Mars = 23.818
- **Til samanburðar við 2024 = 55763**
 - Janúar = 6.713
 - Febrúar = 17238
 - Mars = 31.812

7. Sértekjur þjóðgarðsins – ráðstöfun.

Inga Dóra fór yfir rekstur Snæfellsjökulsþjóðgarðs 2024.

- Allar sértekjur fara í rekstur þjóðgarðsins.
- Kristinn benti á að það gæti verið hagstæðara fyrir þjóðgarðinn að nota hluta af sértekjum⁺ beint í uppbyggingu á innviðum í þjóðgarðinum.
- Inga Dóra benti á Landsáætlun og það fyrirkomulag að sækja fjármagn frá ríkinu í framkvæmdir, þangað.. Landsáætlun er sjóður sem þjóðgarðurinn getur sótt um fjármagn í fyrir innviðauppbýggingu.

8. Húsnæðismál fyrir sumarlandverði.

- Landverðir verða áfram á Gufuskálum
- Þroskahjálpi Vesturlands vill selja húsið.
- FSRE er í sambandi við Snæfellsbæ varðandi kaup og í framhaldinu leigu Náttúruverndarstofnunar á húsnæðinu.

9. Djúpalón/Vegaframkvæmdir.

- Vegagerðin er komin með fjármagn til þess að hefja vegaframkvæmdir á Djúpalóni í maí 2025.

10. Þjónustugjöld á bílastæðum – skipulag á innheimtu – kynning

- Parka er með umboð fyrir uppsetningu á búnaði til að innheimta þjónustugjöld. Stefnt er að því að gjaldtaka hefjist í júní n.k. Verið er að koma á innheimtu við Dyrhólaey og Dynjanda og svo er Snæfellsjökulsþjóðgarður næstur.
- Fyrirhuguð gjaldtaka var kynnt fyrir ferðaþjónustufyrirtækjum og sveitafélögum á Snæfellsnesi með árs fyrirvara.
- Katrín er með verkefnið fyrir hönd Náttúruverndarstofnunar.

11. Hleðslustöðvar – staða á vali þjónustuaðila og tímasetning á uppsetningu.

- Inga Dóra fór yfir stöðuna.

- Ekki þótti álitlegt að semja við þjónustuaðila vegna of langs samningstíma. Náttúruverndarstofnun er að skoða málið nánar.

12. Starfsmannamál.

- Ragnhildur fór yfir starfsmannamál.

13. Önnur mál.

- Verið er að undirbúa útboð á rekstri innan þjóðgarðs, veitingarekstur í þjóðgarðsmiðstöð og Vatnshellir.
- Kristinn óskaði eftir staðfundi þjóðgarðsráðs 27. eða 28. ágúst 2025, í viku35 .

Næsti fundur verður 5. júní kl. 13:30.

Fundi slitið kl. 15.20